

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir sjálfvirkar bón- og bílaþvottastöðvar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur sjálfvirkra bón- og bílaþvottastöðva.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

3. Mengunarvarnir í fráveitu

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem þríf bifreiða fara fram og annars staðar þar sem hætta er á að hreinsiefni geti borist í þau. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olúhrensiefna í lágmarki. Til hreinsunar á bifreiðum og gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhrensia sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum við aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.
- 3.6 Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.

4. Geymsla á hreinsiefnum

- 4.1 Ílát undir þvottaefni, tjöruhreinsi og aðra efnavöru skal staðsetja í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll eða út í umhverfið.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.2 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.